

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 90/2024

2024/EES/60/08

frá 26. apríl 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/197 frá 19. október 2023 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1272/2008 að því er varðar samræmda flokkun og merkingu á tilteknum efnum ⁽¹⁾.
- II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12zze (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 0197:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/197 frá 19. október 2023 (Stjtið. ESB L, 2024/197, 5.1.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/197, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. apríl 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. apríl 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/197, 5.1.2024.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.